

**148. löggjafarþing 2017–2018.  
Þingskjal 1369 — 503. mál.**

## Svar

**dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur  
um opinber störf utan höfuðborgarsvæðisins.**

- Hversu mörg störf eru á vegum ráðuneytisins og stofnana þess utan höfuðborgarsvæðisins? Óskað er eftir sundurliðun eftir stofnunum og landshlutum.*

Alls eru 685 stöðugildi hjá stofnunum á málefnaði ráðherra utan höfuðborgarsvæðisins. Flest eru þau á Suðurnesjum en þar eru stöðugildin 218. Fæst eru stöðugildin á Norðurlandi vestra eða 43. Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun á stöðugildum eftir stofnunum og landshlutum.

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Samtals
Dómsmálaráðuneyti								0
Ríkissaksóknari								0
Héraðssaksóknari								0
Ríkislöggreglustjóri				1				1
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu								0
Lögreglan á Suðurlandi						51,7	51,7	
Lögreglan á Austurlandi					26,5			26,5
Lögreglan á Norðurlandi eystra				55,5				55,5
Lögreglan á Norðurlandi vestra			18					18
Lögreglan á Vesturlandi	38,2							38,2
Lögreglan á Suðurnesjum						144,2	144,15	
Lögreglan á Vestfjörðum	23,6							23,64
Lögreglan í Vestmannaeyjum					14,35			14,35
Fangelsismálastofnun	9,4			6		66,9		82,3
Landhelgisgæslan		2			4		37,3	43,27
Sýslumaðurinn í Reykjavík								0
Sýslumaðurinn á Austurlandi					15,4			15,4
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra				23,9				23,88
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra			23,6					23,6
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum						19	19	
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	17,4							17,4
Sýslumaðurinn á Suðurlandi					24,2			24,17
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum					6,1			6,13
Sýslumaðurinn á Vesturlandi	18,9							18,85
Hæstaréttur Íslands								0
Héraðsdómur Reykjavíkur								0
Héraðsdómur Vesturlands	5							5
Héraðsdómur Vestfjarða		2						2
Héraðsdómur Norðurlands v.			1,85					1,85
Héraðsdómur Norðurlands e.				4				4
Héraðsdómur Austurlands					2			2
Héraðsdómur Suðurlands						5		5
Héraðsdómur Reykjanes							17,8	17,8
Útlendingastofnun								0
Persónuvernd								0
Kærunefn útlendinga								0
Samtals	71	45	43	90	48	168	218	685

2. *Telur ráðherra að unnt sé að láta vinna fleiri störf á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess utan höfuðborgarsvæðisins?*

Árið 2015 var lögð fram aðgerðaáætlun fyrir Stjórnarráðið þar sem afmörkuð voru þau stjórnsýsluverkefni ráðuneyta og undirstofnana þeirra sem talið var ákjósanlegt að flutt yrðu til embætta sýslumanna. Innanríkisráðuneytið lagði til að flutt yrðu ýmis verkefni til sýslumanna, t.d. umsjón með reikningum vegna málskostnaðar sem greiðast úr ríkissjóði á grundvelli gjafsknarleyfis sem var flutt til sýslumannsins á Vesturlandi. Það er mat dómsmálaráðherra að stofnanir hins opinbera eigi stöðugt að leita leiða til að hagræða og flutningur nauðsynlegra verkefna, t.d. til sýslumanna um land allt, sé vel til þess fallinn.

3. *Hyggst ráðherra færa störf út á land á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess, sbr. markmið byggðaáætlunar og áform ríkisstjórnarinnar í samstarfssáttmála um að stefna skuli að því að auglýsa störf án staðsetningar?*

Möguleikinn á flutningi verkefna á vegum ráðuneytisins eða stofnana þess út á land er í stöðugri skoðun í dómsmálaráðuneytinu.